# Viðbrögð vegna ofbeldisfullrar hegðunar nemanda

## Fyrstu viðbrögð

- Tryggja öryggi
- Sækja starfsmann, helst sem nemandinn treystir
- Alltaf tveir starfsmenn með nemandanum
- Ef starfsmaður er einn biður hann nemendur að sækja hjálp
- Gera stjórnanda viðvart
- Líkamlegt inngrip ef nauðsyn krefur (ef nemandi ætlar að skaða sig eða aðra)
- Taka nemanda úr aðstæðum ef hægt er, fækka áreitum (stundum nauðsynlegt að biðja aðra nemendur að yfirgefa aðstæður)
- Aðrir starfsmenn taka utan um nemandahópinn

## Kæling

- Tryggja þarf fagleg og örugg vinnubrögð sem einkennast af góðu skipulagi
- Líkamlegu inngripi er einungis beitt í neyð ef hegðun nemanda getur leitt til þess að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða
- Alltaf þarf að láta nemanda vita ef nota þarf líkamlegt inngrip

- Gefa nemanda færi á að róa sig niður
- Hætta líkamlegu inngripi um leið og hægt er
- Vera til staðar & fylgjast með

## Vinnsla

- Nemanda skal alltaf gefið val um að láta af hegðun án inngrips
- Ávallt skal halda ró, stundum gott að segja ekkert um sinn, síðan tala rólega og yfirvegað
- Huga þarf að líkamstjáningu og orðavali svo nemandi upplifi ekki ögrun eða skipun

- Ræða hvað gerðist, hvað orsakaði viðbrögð barnsins?
- Lausnaleit, oft með nemendum/starfsfólki, hefði verið hægt að bregðast öðruvísi við?
- Sáttaferli

## Lok máls

- Huga að fyrirbyggjandi aðgerðum
- Spjalla um næstu skref við nemanda þegar hann er tilbúinn og rólegur
- Kynna úrræði og lausnir fyrir þeim sem koma að nemandanum - vinna að þeim
- Máli lokað gagnvart nemanda

## Úrvinnsla

- Stjórnandi ræðir við foreldra/forráðamenn
- Stjórnandi ræðir við þá sem komu að málinu samdægurs
- Stjórnandi gerir atvikaskráningu í samvinnu við þá sem koma að málinu og setur í persónumöppu
- Hafa samband við sérfræðiaðila ef við á (t.d. lögreglu, barnavernd, félagsmálasvið, fræðslusvið)
- Huga að því hvort bjóða þurfi upp á sálfræðiaðstoð eftir atvikið
- Ef stjórnandi er ekki í húsi þá tekur umsjónakennarateymi málið og upplýsir stjórnanda þegar þeir koma aftur í hús
- Huga þarf að þolanda við úrvinnslu málsins

**Vinnsla hvers máls er samvinnuverkefni umsjónakennara og stjórnanda**